

DV



SJÓNVARPÍÐ

- 17.50 **Sumarglugginn.** Endursýndur þáttur frá sl. sunnudegi.
- 18.45 **Táknmálfréttir.**
- 18.55 **Poppkorn.** Umsjón Stefán Hilmarsson.
- 19.20 **Svarða naðran** (Blackadder). Tiundi þáttur. Breskur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
- 19.50 **Tommi og Jenni.**
- 20.00 **Fréttir og veður.**
- 20.30 **Grænir fingur (13).** Þáttur um garðrækt í umsjón Hafsteins Hafliðasonar. Í þessum þætti er fjallað um ræktun við sumarbústaði.
- 20.45 **Sveppir** (Nicht Fisch, nicht Fleisch: Pilze). Ný, þýsk heimildamynd um sveppi. Þýðandi Ragna Kemp. Pulur Kristján Kristjánsson.
- 21.30 **Steinsteypuviðgerðir og varnir.** Þriðji þáttur – Hreinsun steinsteypu með háþrýstipottu. Umsjón Sigurður H. Richter.
- 21.35 **Hún setti svip á bæinn** (Jessica). Frönsk-ítölsk-bandarísk kvikmynd í létum dúr frá árinu 1962. Leikstjóri Jean Negulesco. Aðalhlutverk Angie Dickinson, Maurice Chevalier. Ung og fögur kona dvelur um kyrrt í heimabæ manns síns á Ítalíu eftir lát hans og starfar sem ljósmóðir. Fegurð hennar vekur upp ókyrrð meðal gíftra karla en konur þeirra ákveða að taka sér fri frá barneignum í mótmælaskyni. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
- 23.00 **Ellefufréttir.**
- 23.10 **Hún setti svip á bæinn framh.**
- 23.35 **Dagskrárlök.**



- 16.45 **Santa Barbara.**
- 17.30 **Thornwell.** Sannsöguleg kvikmynd sem greinir frá andlegri og líkamlegri misþyrmingu á blökkumanninum Thornwell þegar hann gegndi herþjónustu í Frakklandi árið 1961. Sextán árum eftir að Thornwell er látinn laus fær hann tækifæri til að lesa þúsund síðna skýrslu þar sem greint er frá meðferðinni sem hann sætti í Frakklandi. Hann tekur sig til og undirbýr máls- höfðun gegn hernum. Aðalhlutverk: Glynn Turman, Vincent Gardenia, Craig Wasson og Howard E. Rollins Jr.
- 19.19 **1919.** Fréttir og fréttamöfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innslögum.
- 20.00 **Sögur úr Andabæ.** Allir þekkja Andrés önd og félaga.
- 20.30 **Stöðin á staðnum.** Stöð 2 er á hringferð um landið eins og áskrifendum okkar er kunnugt og í kvöld sækjum við Ísafjörð heim.
- 20.45 **Falcon Crest.** Bandarískur framhaldsmyndaflokkur.
- 21.40 **Bjargvætturinn.** Equalizer. Vinsæll spennumyndaflokkur. Aðalhlutverk: Edward Woodward.
- 22.30 **Tiska.** Sumartískan í algleymingi.
- 23.00 **Sögur að handan.** Tales From the Darkside. Ein góð, svona rétt fyrir náttblundinn.
- 23.25 **Æskuminningar.** Brighton Beach Memoirs. Öll eigin við okkar minningar af bernskubrekunum. Þannig er því líka farið með rithöfundinn Neil Simon sem herna deilir með okkur strákaporum sínum. Myndin er gerð eftir samnefndu leikriti sem flutt var á Broadway 1983 og vann til verðlauna fyrir frábæra leikstjórn Gene Saks sem einnig leikstjóri þessari mynd. Aðalhlutverk: Blythe Danner, Bob Dishy, Brian Drillinger og Lisa Waltz.



- 6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Hreinn Hjartarson flytur.
- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Í morgunsárið** með Ingvaldi Ólafsdóttur.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Litli barnatíminn:** Fúfu og fjallakrílin – óvænt heimsókn eftir lönni Steinsdóttur. Höfundur les. (11.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.

- 9.30 **Landpósturinn** – Frá Norðurlandi. Umsjón: Kristján Guðmundur Arngrímsson.
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfregnir.**
- 10.30 **Þræðir** – Úr heimi bókmenntanna. Umsjón: Simon Jón Jóhannsson. Lesari: Viðar Eggertsson.
- 11.00 **Fréttir.**
- 11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Daniel Þorsteinsson. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar, Tónlist.
- 13.05 **Í dagsins önn** – Meindýraeyðir. Umsjón: Ásdís Loftsdóttir. (Frá Akureyri)
- 13.35 **Míðdegissagan:** Að drepa hermikráku eftir Harper Lee. Sigurlína Davíðsdóttir les þýðingu sína. (24.)
- 14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 14.05 **Harmonikubáttur.** Umsjón: Einar Guðmundsson og Jóhann Sigurðsson. (Endurtekinn þáttur frá sunnudagskvöldi.)
- 14.45 **Íslenskir einsöngvarar og kórar.** Magnús Jónsson, Hamrahlíðakórinn og Jóhanna G. Möller syngja íslensk lög.
- 15.00 **Fréttir.**
- 15.03 **Við fólkskór Kötlu gömlu.** Ari Trausti Guðmundsson ræðir við Einar H. Einarsson bónda og náttúrufræðing, Skammadalshóli í Mýrdal. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
- 16.00 **Fréttir.**
- 16.03 **Dagbókin – Dagskrá.**
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.20 **Barnaútvarpið** – Hermikrákur og hamstrar. Barnaútvarpið fjallar um gæludýr. Umsjón: Sigríður Arnardóttir.

- 17.00 **Fréttir.**
- 17.03 **Tékknesk tónlist á síðudegi** – Dvorák, Martinu og Janacek. – Jealousy forleikur að óperunni Jenufa eftir Leos Janacek. Filharmoníusveitin í Brno leikur; Jiri Waldhans stjórnar. – Tilbrigði við slavnaskstef eftir Bohuslav Martinu. Marek Jerie leikur á selló og Ivan Klánský á pianó. – Strengjakvartett nr. 1 eftir Leos Janacek. Smetana-kvartettinn leikur. – Vatnapúkinn eftir Antonin Dvorák. Skoska þjóðarhljómsveitin leikur; Neeme Järvi stjórnar.

- 18.00 **Fréttir.**
- 18.03 **Að utan.** Fréttabáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
- 18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40) Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þor-móðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
- 20.00 **Litli barnatíminn:** Fúfu og fjallakrílin – óvænt heimsókn eftir lönni Steinsdóttur. Höfundur les. (11.) (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 **Samtímatónlist.** Sigurður Einarsson kynni.
- 21.00 **Úr byggðum vestra.** Finnabogi Hermannsson staldrar við í vestfiskum byggðum. (Frá Ísafirði)
- 21.40 **Hamingjúsami maðurinn,** smásaga eftir William Somerset Maugham. Sigurlaug Björnsdóttir þýddi. Jón Júlíusson les.

- 22.00 **Fréttir.**
- 22.07 **Að utan.** Fréttabáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
- 22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.30 **Að framkvæma fyrst og hugsa síðar.** Umsjón: Smári Sigurðsson. (Frá Akureyri)
- 23.10 **Djassþáttur.** – Jón Múli Arnason. (Einnig útvarpað í næturútvarpi aðfaranótt mánudags kl. 2.05.)
- 24.00 **Fréttir.**
- 0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Daniel Þorsteinsson. (Endurtekinn frá morgni.)
- 1.00 **Veðurfregnir.**
- 1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**



- 7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauks-son og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
- 9.03 **Morgunsýpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmælskveður kl. 10.30. Þarfabing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gestu Einaru Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
- 14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkikki og leikur nýju lögin. Veðið hornið rétt fyrir fjögur.
- 16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffisýni og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.

- 18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91 38 500.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.32 **Afram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Vernharður Linnét og Atli Rafn Sigurðsson.
- 22.07 **Á rólinu** með Önnu Björk Birgisdóttur.
- 1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTVARP

- 1.00 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
- 2.00 **Fréttir.**
- 2.05 **Söngleikir í New York** – Romance, Romance. Árni Blandon kynni. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi.)
- 3.00 **Rómantíski róbótinn.**
- 4.00 **Fréttir.**
- 4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi miðvikudagsins.
- 4.30 **Veðurfregnir.**
- 4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá Rás 1 kl. 18.10.)
- 5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 5.01 **Afram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 6.01 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannabáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10-8.30 og 18.03-19.00.



- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðibáttur Þrastar Elliðasonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
- 10.00 **Valdis Gunnarsdóttir.** Valdis er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
- 14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
- 18.10 **Reykjavík síðdegis.** Hvað finnst þér? Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dýranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. Umsjónarmaður er Arnþrúður Karlsdóttir.
- 19.00 **Freyrþóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
- 20.00 **Haraldur Gíslason.** Ný og góð tónlist, kveður og óskalög.
- 24.00 **Næturdagskrá.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.



- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðibáttur Þrastar Elliðasonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
- 9.00 **Margrét Hrafnisdóttir.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Margrét leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
- 14.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Stjórnar tónlistinni með duglegri hjálp hlustenda. Ný tónlist situr í fyrir-úmi. Spjallað við hlustendur, getraunir og leikir. Röleg tónlist kl. 18.10-19.
- 19.00 **Freyrþóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
- 20.00 **Haraldur Gíslason.** Ný og góð tónlist, kveður og óskalög.
- 24.00 **Næsturstjórnur.** Fréttir á Stjórnnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.



- 9.00 **Rótartónar.**
- 11.00 **Programm.** Tónlistarþáttur. E.

- 12.00 **Tónlist.**
- 14.30 **Á mannlegu nótnum.** Flokkur mannsins. E.
- 15.30 **Samtök græningja.** E.
- 16.00 **Fréttir frá Sovétríkjunum.** María Þorsteinsdóttir.
- 16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
- 17.00 **Upp og ofan.**
- 18.00 **Elds er þörf.** Umsjón: Vínstrisólistar. Um allt milli himins og jarðar og það sem efst er á baugi hverju sinni.
- 19.00 **Hlustið.** Tónlistarþáttur í umsjá Kristins Pálssonar.
- 20.00 **Það erum við.** Unglingabáttur. Umsjón: Júlíus Schopka.
- 21.00 **Í eldri kantinum.** Tónlistarþáttur í umsjá Jóhönnu og Jóns Samúels.
- 22.00 **Magnamin.** Tónlistarþáttur með Ágústi Magnússyni.
- 23.30 **Rótardraugar.**
- 24.00 **Næturvakt.**



- 7.00 **Hörður Amarnson.**
- 9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
- 11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
- 13.00 **Hörður Amarnson.**
- 15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
- 17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
- 19.00 **Steinnun Halldórsdóttir.**
- 22.00 **Snorri Már Skúlasón.**
- 1.00 – 7. Tómas Hilmar.



- 4.30 **Viðskiptabáttur.**
- 5.00 **The DJ Kat Show.** Barnabáttur.
- 7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningabáttur.
- 9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
- 9.30 **Sky by Day.** Fréttabáttur.
- 10.30 **A Problem Shared.** Fræðslubáttur með ráðleggingum.
- 11.00 **Another World.** Sápuopera.
- 11.55 **Genera! Hospital.** Framhaldsflokkur.
- 12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuóp-
era.
- 13.45 **Loving.**
- 14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
- 14.45 **Lady Lovely Locks.** Teiknimyndasería.
- 15.00 **Poppþáttur.**
- 16.00 **The Young Doctors.**
- 16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
- 17.00 **Sky Star Search.** Hæfileika-
keppni.
- 18.00 **Sale of the Century.** Spurninga-
leikur.
- 18.30 **Hey Dad.** Gamanmyndaflokkur.
- 19.00 **Mr. Belvedere.** Gamanmynda-
flokkur.
- 19.30 **Trapper John.** Gamanmynda-
flokkur.
- 20.30 **Rush.** Framhaldsmyndaflokkur.
- 21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
- 22.30 **Top End Down Under.** Ferða-
þáttur.



- 15.00 **The Lady Vanishes.**
- 17.00 **The Great Santini.**
- 19.00 **Hannah and Her Sisters.**
- 21.00 **McCabe and Mrs. Miller.**
- 23.00 **The Other.**
- 00.40 **Melvin Purvis** – G-Man.



- 9.30 **Eurosport – What a Week!** Litíð á viðvörðliðinnar viku.
- 10.30 **Hjólreiðar.** Tour de France.
- 11.30 **Rugby.**
- 12.30 **Golf.** Belgian Classic.
- 13.30 **Kappakstur.** Grand Prix í Bretlandi.
- 14.30 **Vatnaskíði.** Evrópumót.
- 15.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
- 15.30 **Eurosport Menu.**
- 17.00 **Trans World Sport.** Íþróttarfréttir.
- 18.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
- 19.00 **Knattspyrna.** Riðlakeppni heimsmeistarakeppninnar.
- 20.00 **Golf.** British Open.
- 21.00 **Frjálsar íþróttir.** Alþjóðleg keppni í Róm.
- 22.30 **Hjólreiðar.** Tour de France.



- 13.30 **Poppþáttur.**
- 14.30 **Hotline.**
- 16.30 **Transmission.** Popp í Englandi.
- 17.30 **Lenny Henry.** Gamanmál.
- 18.00 **Wagon Master.** Kvikmynd.
- 19.30 **Euromagazine.** Fréttabáttur.
- 19.50 **Fréttir og veður.**
- 20.00 **Burke's Law.** Spennumynda-
flokkur.
- 20.55 **Barnaby Jones.**
- 21.50 **Fréttir, veður og popptónlist.**

Miðvikudagur 19. júlí



Jessica Visconti er ástæða þess að konurnar í þorpinu fara í karlaverkfall.


Sjónvarp kl. 21.35:

Hún setti svip á bæinn

Þetta er hressileg mynd sem fjallar um fagra konu sem gerir heilt þorp á Ítalíu að vettvangi afbrýðisemi og upplausnar-
ástands. Þegar eiginmaður Jessicu Brown Dickinson deyr ákveður hún að halda samt kyrru fyrir í þorpinu. Snoturt útlit hennar truflar ekki aðeins karlmennina í þorpinu heldur komast konurnar í nokkurt uppnám. Í mótmælaskyni ákveða þær að fara í „karlaverkfall“.

En Jessica er barnlaus. „Gerist ekkert í ástamálum hennar fer hún bráðlega úr umferð“, segir ítalska Gróa á Leiti. Hún hittir Marchese Raumo og verður ástfangin en finnst hann hafa svikið sig þegar hún kemst að því að hann er leigjandi hennar. Þegar karlaverkfallið berst til eyrna hennar verður hún reið og vonsvikin og ákveður að þaðra dálitið í bænum í hefndarskyni. Afleiðingarnar eru alger ringulreið.

-ÓTT



Ræktun við sumarbústaði er á dagskrá hjá Hafsteini Hafliðasyni að þessu sinni.

Sjónvarp kl. 20.30:

Grænir fingur – ræktun við sumarbústaði

Sumarbústaðir verða stöðugt stærri hluti af lífsstíl Íslendinga og hafa margar sumarbústaðabyggðir risið víða á landinu. Þörf manna til að draga sig í hlé frá ysi og skark-
ala daglega lífsins í þéttbýlinu yfir undir að leitað sé á vit fríðsællar náttúru. Löngunin til að rækta blómlega skógar-
lund á sumarbústaðalöndum er mikil hjá fjölda manns. Í þessum bætti heimsækja Grænir fingur ræktunarmanninn Þórð Þ. Þorbjarnarson, borgarverkfræðing í Reykjavík. Upptakan fór fram í sumarbústaðalandi hans við Þingvalla-
vatn. Rætt verður við Þórð um trjáplöntur og skógrækt. Umsjónarmaður er Hafsteinn Hafliðason en stjórn upptöku annaðist Baldur Hrafnkell.

-ÓTT

Rás 1 kl. 16.20:

Barnaútvarpið – hermikrákur og hamstrar

Hvernig ætli það sé að hafa ljónsunga í svefnherberginu, slöngu í stofunni og sel í baðkarinu? Í Barnaútvarpinu í dag verður rætt við unga konu sem þekkir þessa lífsreynslu af eigin raun. Einnig verða tikin Donna og nýfæddu hvolparnir hennar heimsóttir. Auk þess verður fjallað um hvað hafa ber í huga þegar ráðist er í að kaupa gæludýr – þegar nýr meðlimur kemur inn á heimilið. Hvaða aðstæður þarf að búa þeim svo þeim geti liðið sem best. Ekki má gleyma bókmenntunum í Barnaútvarp-



Hvaða aðstæður þarf að búa nýjum meðlimum á heimilinu?

inu því í dag verður sögð sagan um Arnald sem óskaði sér þess að fá að eiga hjartarkálf fyrir gæludýr.